

Skoti varð Evrópumeistari í Ólafsvík



Það voru heldur betur vænir þorskar skammt frá hafnakjafninum. mbl.is/Alfons

Alls tóku 64 keppendur frá tíu ríkjum þátt í Evrópumóti í sjóstöng sem fram fór í Ólafsvík 27. og 28. maí. Róið var á 17 bátum og lögð var áhersla á að veiða þorsk og ufsa, en stærstu fiskarnir gáfu flest stig.

Mótið var skipulagt af Íslandsdeild Samtaka evrópskra sjóstangaveiðifélaga (EFSA) og slógu margir keppendur sín persónulegu met með að fanga stóra þorska og ufsa.

Evrópumeistari á mótinu varð Scott Gibson frá Skotlandi. Sævar Guðmundsson hreppti annað sætið og í þriðja sæti var Francois Beukes frá Suður-Afríku. Magnús Emanúelsson á bátnum Oliver SH varð stigahæsti skipstjórinn.



Bátar að undirbúa veiðiferð. mbl.is/Alfons

Keppendur settu svip sinn á Ólafsvík enda fjölbreyttur hópur. Rómuðu erlendu keppendurnir allar aðstæður í Ólafsvík og voru afar ánægðir með mikla veiði, hjálpsama skipstjóra og aðstoðarmenn þeirra. Mót af þessum toga færir mikið líf í bæinn og fylgdust margir bæjarbúar vel með á meðan mótið fór fram.

Afhending verðlauna og viðurkenninga fór fram á laugardagskvöld á Klifi og gerðu gestir vel við sig í mat og drykk.



Það voru margir keppendur sem fengu stór ufsa og hér má sjá einn þeirra með slíkan ufsa. mbl.is/
Alfons